

Stjórnarfundur 19.04. 2001

Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 20:11

Mættir: Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Friðrik Hafberg (FH), Haraldur Ágústsson (HÁ), Birna Sigþórsdóttir (BS).

1 Þing ÍBH

Þing ÍBH verður laugardaginn 21/4 kl. 10, Þytur á 4 fulltrúa nú, hafa verið 2 en iðkendum hefur fjölgað. Til stendur að fækka fulltrúum á þessum þingum. Aðalfulltrúar HÁ;BS, EK. EK reynir að finna einn enn. FH varafulltrúi. EK var á formannafundi hjá ÍBH til að undirbúa þingið og fara yfir forgangsröðun. Tekið upp í forgangsröðun að bæta aðstöðu SH byggja 50 metra laug, auk þess frá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar um nýtt æfingasvæði, og vegna fyrirhugaðrar breytinga á Reykjanesbraut. Þytur hefur verið með setfláa og frágang á svæðinu inni forgangsröð, nú tekið út úr henni og komi í staðinn tillaga um að bærinn klári þetta. FH segir að það eigi að vera búið að gera þetta þurfi ekki að vera í forgangsröðinni. EK segir að höfnin eigi að borga þetta 100%, ganga frá bryggju og setfláa og það er búið að gera samkomulag um það við bæinn, höfnin segist ekki eiga peninga til að gera þetta, nú þarf aftur að fara í Hafnarstjórn og bæjarfulltrúa og pressa á þetta. EK og GGH sammála um að vöntun á þessu skemmi bátana. GGH finnst óeðlilegt að gatan sé ekki kláruð, það þurfi að laga fyrir utan og helluleggja. Ek segir að svæðið sé enn í deiliskipulagi það er ekki endanlega frágengið. GGH vill halda þessum atriðum áfram í forgangsröð, segir ekki alveg ákveðið í upphaflega samningnum. FH með samninginn meðferðis. GGH les “ þá verður sérstakur samningur gerður um byggingu setfláa, bryggju og uppsáturs við Hafnarfjarðarhöfn”. EK og FH sammála um að betra er að hafa fyrir utan forgangsröðina. EK hafa verið sýndar ólíkar og misdýrir kostir: valdi miðlungskost sem kostar um 4 milljónir, er búinn að ítreka þetta í 2-3 ár. HÁ segir að verði að vera steyppt, nú er öldugangur minni í höfninni. GGH segir að það verði að setja í fjöruna. Ási hefur verið aðalmaður í stjórn ÍBH, Atli til vara. EK spyr hvort ástæða er til að breyta því, engum viðstaddra finnst það, GGH spyr hvort Atli vilji vera áfram, FH heldur ekki, enginn sækist eftir varasætinu. EK heldur að Atli hafi aldrei þurft að mæta.

2 Innkaupalisti

Trausti hefur tekið saman lista yfir verkfæri til viðhalds á bátunum. Listinn lesinn upp, GGH vill bæta við háþrýstidælu. EK spyr hvort það sé óeðlilegt að þetta verði keypt. FH

vill finna verð á þetta. GGH segir að kosti alltaf 100.000, en allt gangi úr sér, vill að verði merkt vel, en við þurfum ekki það dýrasta og flottasta.

3 Heimasíðan

HÁ segir að það kosti 6000 að flytja síðuna til símans. Það er samþykkt samhljóða. GGH er búinn að finna heimasíðuna á geisladisk og á myndir sem hann kemur til HÁ, sem vill koma einhverju upp, nafni, heimilsfangi stjórn. EK nefnir upplýsingar um námskeið og verð. HÁ segir að við getum breytt sjálf ef við viljum.

4. Félagsskírteini

GGH er að vinna í útliti þeirra.

5. Siglingagjöld

EK spyr hvað við ætluðum að hækka siglingagjöld uppí. Það var úr 20.000 í 25.000. á Secret. FH segir að þurfi að gera meira, negla niður fleiri atriði. GGH segir hugsanlegt að manna báða bátana með keppnisliði í sumar, segir Hafstein vera búin að skrá sig, hann megi bara keppa fyrir 1 félag.

6. Óvissuferð

EK segir að bandarísk hjón séu á leiðinni í óvissuferð 29 apríl. Hafi lofað að fara með þau út að sigla og Jói á Fjörukránni muni fá víkinga til að ræna þeim og fara með á víkingaveislu. EK e.t.v. ekki á landinu þennan dag. GGH segir að eftir er að sjóseta, þarf að vera kominn niður. HÁ segir að ekkert sjáist á honum eftir veturinn. FH og EK segir að geti vel verið kominn niður, er dagsverk. EK vill selja þetta á 10.000 og svo 4200 á mann í víkingaveislu þurfi að sækja fólkið á hótél um kl.14 og vera til ca. 18, spyr hver geti tekið þetta að sér ef hann verður ekki heima. Er ófrágengið!

7. Maí námskeið

Einhverjir starfsmenn bæjarins vilja fara á námskeið í samræmi við námsskrá um hæfa háseta. GGH spyr hvort eitthvað er til á pappír um þetta, svarið við því er já og fær eintak sýnt. Spyr hvort til er á tölvutæku formi óskar eftir að fá það sent GGH spyr um námskeið eftir 5 þrepa kerfi, skoðar það og segir “brilljant”. Ekki búið að gefa það út því Jón Skaptason ætlar að fara yfir þýðinguna. HÁ spyr hvort Benni sé að breyta Siglingaskólanum, það er búið að breyta síðunni BS spyr hvort í 5 þrepa kerfinu sé e.t.v. frasi sem mætti bæta við auglýsinguna, EK segir að nú er komið heildarnámsskrá frá upphafi til enda, GGH segir að mjög fáir menn geti kennt þetta.

8. Írland

David Hart hefur komið upplýsingum áfram á Írlandi, hann ætlar að tala persónulega við nokkra, EK bíður eftir svari. GGH stingur uppá að við sendum myndir af aðstöðunni, EK finnst óþarfi David Hart þekkir aðstæður.

9. Þjálfarar

EK og GGH segja að það þurfi að setja markið hátt. FH hitti Arnþór og ræddi við hann, verður á landinu fram á haust og hann er laus. EK spyr um hugmyndir hans um laun, FH segir það ekki hafa verið rætt en ef það er áhugi þá er alltaf einhvers staðar lending í því. GGH segir að nú eigi að taka upp stífa námskrá viðkomandi hafi bæði þekkingu og reynslu. FH setti fram hugmyndir að starfinu og ætlar að hitta Arnþór aftur.

10. Stefna þyts í barnastarfi

EK vill vita hvort við höfum kjark til að vera bara íþróttafélag en ekki “leikskóli eða geymslupláss”. GGH segir að krakkar séu ekki bara að sigla á Optimist, þau eru að róa og á kajökum o.fl. BS vill að við hugsum vel um alla og á persónulegum nótum, segir okkur fá krakka sem geta orðið góðir siglingamenn en líka mjög marga sem eru á jaðrinum. Mjög margir af okkar krökkum eigi í erfiðleikum félagslega og hafi ekki fundið sig í t.d. hópíþróttum. FH segir að fáum styrk frá bænum til að gera þetta. EK nefnir að gætum gert “goggunarröð” í seglin. Ekki afgreitt

11. Félagsgjöld, siglingagjöld og framtíðarsýn.

FH segir að það þurfi að búa til bréf og senda út gíróseðla, þetta ár á engin að sigla nema greiða félags- og siglingagjald. EK semur bréf m.a. upplýsingar þar á að koma fram m.a. námskeið og verð, segir sína skoðun að við eigum að selja okkur dýrt en bjóða uppá góða þjónustu. HÁ segir Ými með samsvarandi námskeið spyr hvað um samanburð við það. FH segir að velti líka á aðstöðu. EK segir að ef við klárum húsið þá getum við hækkað verðið. GGH segir að við það geri fólk meiri kröfur. FH segir að ef félögum fjölgar hratt þurfi að vera opið hér og bjóða upp á þjónustu. GGH vill byrja snemma, FH segir að opnunarmótið verði 12 maí það þurfi að láta krakkana vita. GGH segir að vandinn sé með fjöruna, menn vilja geta byrjað að æfa.

12. Sjómannadagurinn

GGH segir að hann sé 10 júní. Hefur hitt fólk sem sér um þennan dag. Var spurður af forvígismanni dagsins um “furðubáta“ (orðrétt,haft eftir GGH, innskot BS) sem gætu siglt með fólk. Áhugi á að gera meira úr sjómannadeginum. GGH segir að Þytur gæti skipulagt sig betur, hægt væri að auglýsa sérstaklega í dagskrá dagsins, vilji er til að virkja klúbbinn betur. GGH vill að stjórnin geri meira, allir komi það verði flaggað gerum þetta fyrir okkur sjálf og höfnina, setum alla okkar báta á sjó. EK segir að við höfum verið fyrir. GGH segir auðvelt ef er vel skipulagt.

Fleira ekki gert og fundi slitið 21:26

Birna Sigþórsdóttir (sign)

